Reglugerðarbreytingar til kynningar

Hér að neðan er samantekt á þeim breytingum á reglugerðum FRÍ sem stjórn FRÍ leggur fram til kynningar á formannafundi FRÍ 5. desember 2024.

Breytingarnar eiga eitt sameiginlegt, þ.e. um er að ræða viðbrögð stjórnar FRÍ við ýmsum athugasemdum sem fram hafa komið frá hreyfingunni frá FRÍ þingi á Sauðárkróki

Þær helstu eru eftirfarandi:

- Reglugerð nr. 26 um aldursflokka tekur nú á aldursflokkaskipan í öllum greinum, allt frá börnum til elstu aldursflokka, með afleiddum breytingum á fjölda reglugerða.
- Breyting á reglugerð nr. 32 um Bikarkeppni FRÍ, keppt verði á ný á tveimur dögum, en ekki aðeins einum.
- Uppfærð reglugerð nr. 14 um gjaldskrá FRÍ, gjöld uppfærð í samræmi við fyrri samþykktir um hækkun skv. vísitölu neysluverðs.
- Bætt við reglugerð nr. 28 um úrslit, viðurkenningu á árangri og íslensk met, mikilvæg reglugerð sem skýrir m.a. mál varðandi skil á úrslitum í götuhlaupum.
- Bætt við reglugerð nr. 35 reglur um val í landslið í utanvegahlaupum, sem til þessa hefur aðeins verið birt á heimasíðu, en ekki talist til reglugerða.
- 100 km götuhlaupi nú bætt inn í reglugerðir nr. 34 og 30.3.
- Umtalsverðar breytingar til skerpingar á reglugerð nr. 34 sem nefnist nú: Reglugerð um Meistaramót Íslands í götuhlaupum og önnur FRÍ vottuð hlaup.

Nánar um breytingar á reglugerðum

26. Reglugerð um aldursflokka uppfærð þannig að hún taki til aldursflokkaskipan í öllum greinum.

30.3 Reglugerð um meistaramót í lengri hlaupum
- Tekin út klausa sem vísaði til aldurs í grein 3.2

30.4 Reglugerð um Meistaramót Íslands í eldri aldurflokkum, utanhúss
- Tekin út klausa 1.2 sem vísar til aldursflokka

33. Reglugerð um Meistaramót í víðavangshlaupum
- 6. gr. um aldursflokka felld út
- Vísað í reglugerð um meistaramót í lengri hlaupum og aldursflokka reglugerð

34. Reglugerð um Meistaramót Íslands í götuhlaupum

- 16. Gr. felld niður því tekið er á henni í reglugerð um aldursflokka og reglugerð um meistaramót í lengri vegalengdum.
- Klausu bætt við sem vísar á reglugerð 30.3 í gr. 1

31.4 Reglugerð um Meistaramót Íslands í eldri aldursflokkum, utanhúss

- Tekin út klausa 1.2 sem vísar til aldursflokka

100 km götuhlaup bætt in Reglugerðir

- 34. Reglugerð um Meistaramót Íslands í götuhlaupum
- 30.3 Reglugerð um meistaramót í lengri hlaupum